

Latína í 5. bekk formáladeild (LATÍ2FO13)

skólaárið 2023 – 24

Lýsing

Kenndar eru sex stundir á viku. Farið er rækilega í helstu atriði beyginga- og setningafræðinnar. Lesnir eru meðalþungir kennslubókartextar og frumtextar á síðari hluta vormisseris. Textar eru þýddir nákvæmlega, greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega og fjallað um menningu og sögu Rómverja í tengslum við lesefni.

Námsefni

1) Oxford Latin Course III. Lesnir verða kaflar 34 – 54, **fyrri hluti** texta nema annað sé tekið fram.

2) Ítarefni frá kennara

Námsmat

Vikulegar skriflegar æfingar. Á haustmiseri verða skrifaðir stílar í tengslum við námsefni hverju sinni. Engin hjálpargögn leyfð. Á vormisseri skiptast á ólesnar þýðingar og stíllaskrif. Nemendur þurfa að hafa orðabók meðferðis í ólesnar þýðingar **eftir áramót** (Cassell's Latin Dictionary í Bóksölu stúdenta).

Tvö kaflapróf verða á hvoru misseri, 90 mínútur hvert. Dagsetning ákveðin í samráði við nemendur. Engin hjálpargögn leyfð.

Jólapróf í desember úr námsefni haustmisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Vorpróf í maí úr námsefni vormisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Námseinkunn byggir á þremur þáttum sem vega jafnt: a) meðaltali stíla og ólesinna þýðinga, b) meðaltali kaflaprófa og c) ástundun (mætingu skv. einkunnatöflu í skólaári og heimavinnu og virkni í tímum)

Bekkurinn vinnur eitt stórt hópverkefni á skólaárinu sem felst í útgáfu **Latínublaðsins Idus Martii þann 15. mars 2024.**

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar